

Bæjarstjórn - 1959

## FUNDARBOÐ

**1959. fundur bæjarstjórnar Hafnarfjarðar  
verður haldinn í fundarsal bæjarstjórnar Hafnarborg, miðvikudaginn 27.  
ágúst 2025 og hefst kl. 14:00**

### Dagskrá:

#### Almenn erindi

**1. 2202583 - Reglur um leikskólavist**

3. liður úr fundargerð fræðsluráðs frá 20. ágúst sl.  
Lagt fram minnisblað um breytingar á reglum um skólavist til afgreiðslu.

Samþykkir að vísa fyrirbyggjandi reglum til samþykkis í bæjarstjórn.

**2. 1804550 - Nú framsýn menntun, þjónustusamningur**

11. liður úr fundargerð fræðsluráðs frá 20. ágúst sl.  
Lögð fram tillaga að breytingu á þjónustusamningi við NÚ ásamt minnisblaði um tillöguna.

Fræðsluráð samþykkir fyrir sitt leiti fyrirbyggjandi breytingar á samning við Nú framsýn og vísar til bæjarstjórnar til frekari samþykkis.

**3. 2508159 - Rekstrarsamningur við Hnefaleikafélag Hafnarfjarðar**

12. liður úr fundargerð fræðsluráðs frá 20. ágúst sl.  
Drög að rekstrarsamningi við Hnefaleikafélags Hafnarfjarðar vegna nýrrar aðstöðu á Suðurhelli 5 lagður fram til kynningar

Fræðsluráð samþykkir fyrir sitt leiti og vísar áfram til bæjarstjórnar.

**4. 2403380 - Fjárhagsáætlun Hafnarfjarðarkaupstaðar og fyrirtækja hans 2025 og 2026-2028**

1. liður úr fundargerð bæjarráðs frá 21. ágúst sl.  
Lagður fram viðauki 5. Helga Benediktsdóttir sviðsstjóri mætir til fundarins.

Bæjarráð samþykkir fyrirbyggjandi viðauka og vísar til bæjarstjórnar til staðfestingar.

**5. 2507116 - Gjaldskrá fyrir Nýsköpunarsetrið**

5. liður úr fundargerð bæjarráðs frá 21. ágúst sl.

Lögð fram greinargerð um gjaldskrá fyrir þjónustu Nýsköpunarseturs. Geir Bjarnason mætir til fundarins.

Bæjarráð vísar gjaldskránni til afgreiðslu í bæjarstjórn.

**6. 2412631 - Almenningsamgöngur**

6.liður úr fundargerð bæjarráðs frá 21. ágúst sl.

Lagðar fram breytingartillögur frá Samtökum sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu á skjölum um stofnun félags um rekstur almenningsamgangna á höfuðborgarsvæðinu sem lögð voru fyrir bæjarstjórn og samþykkt 30. apríl 2025.

Bæjarráð samþykkir fyrirbyggjandi stofnskjöl og vísar til bæjarstjórnar til staðfestingar.

**7. 2502733 - Hvannavellir 4, til úthlutunar**

11. liður úr fundargerð bæjarráðs frá 21. ágúst sl.

Óskað var eftir tilboðum í lóðina og bærust fimm gild tilboð frá eftirfarandi aðilum:

Langeldur ehf.  
B28 Fasteignir ehf.  
Byggingarverk ehf.  
Halda ehf.  
Rönd House ehf.

Lágmarksverð í auglýsingu var miðað við gjaldskrá þ.e. kr. 25.719.078.

Lögð fram tilboð í lóðina.

Hæsta tilboðið var frá Rönd House ehf. kr. 35.550.250.- og samþykkir bæjarráð að úthluta lóðinni til félagsins. Vísað til bæjarstjórnar til staðfestingar.

Fulltrúar Samfylkingar ítreka fyrri bókun í málinu og sitja hjá við þessa afgreiðslu og telja rétt að úthluta lóðinni með hefðbundnum hætti.

**8. 2507285 - Aðalskipulag Hafnarfjarðar 2013-2025, breyting á greinargerð vegna Flensborgarhafnar**

7. liður úr fundargerð skipulags- og bygginganefndar frá 21. ágúst sl.

Lögð fram tillaga um að hafin verði vinna við breytingu á aðalskipulagi Hafnarfjarðar 2013-2025. Um er að ræða breytingu á texta greinargerðar aðalskipulags sem öðlaðist gildi 27. janúar 2023.

Skipulags- og byggingarráð samþykkir að vinna við breytingu á aðalskipulagi og vísar til samþykktar bæjarstjórnar.

Sigurjón Ingvason vísar af fundi undir þessum dagskrárlíð.

**9. 2507158 - Áshamar 34-40, breyting á deiliskipulagi**

10.liður úr fundargerð skipulags- og bygginganefndar frá 21. ágúst sl.

Kristinn Ragnarsson f.h. lóðarhafa sækir 08.07.2025 um breytingu á

deiliskipulagi. Tillaga felur í sér að íbúðum er fjölgað úr 84 íbúðum í 105 íbúðir. Byggingarmagn eykst ekki.

Skipulags- og byggingarráð leggur til við bæjarstjórn að samþykkja að auglýsa tillögu að breytingu á deiliskipulagi Hamraness vegna Áshamars 34-40.

**10. 2310818 - Hvaleyrarbraut 22, bruni,**

Fulltrúar Samfylkingarinnar óska eftir málinu á dagskrá og leggja fram eftirfarandi tillögu:

Bæjarstjórn Hafnarfjarðar samþykkir að leita samkomulags við Dverghamra, sem hefur náð samkomulagi við alla 18 eigendur að Hvaleyrarbraut 22, þannig að þegar í stað verði unnt að hreinsa brunarústir á lóðinni og undirbúa uppbyggingu á svæðinu.

**11. 2508284 - Reykjavíkurvegur, gangandi vegfarendur, umferðaröryggi**

Fulltrúar Samfylkingarinnar óska eftir málinu á dagskrá og leggja fram eftirfarandi tillögu:

Bæjarstjórn Hafnarfjarðar samþykkir að hefja nú þegar undirbúning og hönnun að undirgöngum fyrir gangandi og hjólandi vegfarendur, sem þurfa að fara yfir Reykjavíkurveg ofanverðan, við eða ofan við gatnamót Flatahrauns og Reykjavíkurvegar. Miðað er við að framkvæmdum ljúki á fyrri hluta næsta árs. Umhverfis- og framkvæmdaráð og viðkomandi svið taki við verkefninu og fylgi því eftir.

Greinargerð:

Ljóst er að Reykjavíkurvegur hættulegur yfirferðar fyrir gangandi og hjólandi vegfarendur, sérstaklega ungmenni í Norður- og Vesturbæ, sem þurfa að sækja íþróttæfingar hjá FH, Björkunum eða aðra þjónustu á Hraunum eða austan Reykjanesbrautar. Fyrir margt löngu er orðin brýn nauðsyn á endurbótum af þessum toga. Spurning er um hvort þurfi tvenn undirgöng og hvar staðsetning væri heppilegust. Eins er fyrirliggjandi að Hraun Vestur mun á næstu misserum byggjast upp sem íbúðasvæði og er við það miðað að fyrst um sinn sæki ungmenni þar skóla handan við Hafnarfjarðarveginn. Ekki er eftir neinu að bíða. Nú þurfa verkin að tala.

**12. 2005180 - Samgöngusáttmáli**

Fulltrúar Samfylkingarinnar óska eftir umræðu um málið. Tillaga og fyrirspurn lögð fram.

**Fundargerðir**

**13. 2501140 - Fundargerðir 2025, til kynningar í bæjarstjórn**

Fundargerð fjölskylduráðs frá 19.ágúst sl.

Fundargerð fræðsluráðs frá 20. ágúst sl.

Fundargerð skipulags- og byggingaráð frá 21.ágúst sl.

Fundargerð bæjarráðs frá 21.ágúst sl.

a. Fundargerð hafnarstjórnar frá 6.ágúst sl.

b. Fundargerð menningar- og ferðamálanefndar frá 13.ágúst sl.

Fundargerð umhverfis- og framkvæmdaráðs frá 20.ágúst sl.

Fundargerð forsetanefndar frá 25.ágúst sl.

25.08.2025

Valdimar Víðisson bæjarstjóri